

Skýrsla til sveitarsjórnar frá sveitarstjóra, skrifstofu og stofnunum sveitarfélagsins

Maí 2016

Markmiðið með samantekt þessari er að efla upplýsingaflæði milli stofnana sveitarfélagsins, til sveitarstjórnar og til íbúa. Sveitarstjóri, forstöðumenn og starfsmenn skrifstofu taka saman helstu verkefni liðins mánaðar auk þess að gera grein fyrir áætluðum verkefnum komandi mánaðar. Það er von okkar að með þessu náist að varpa meira ljósi á það sem er í gangi í sveitarfélaginu á hverjum tíma og hvað er framundan. Hver og einn starfsmaður vinnur sinn part skýrslunnar og er engu breytt, því getur formið verið breytilegt.

Frá sveitarstjóra – Andreu K. Jónsdóttur

Auk venjubundinna daglegra starfa voru verkefni sveitarstjóra helst þessi í maí:

- 3. Maí – fyrstu formlegi forstöðumannafundurinn haldinn í Hnyðju kl. 9 og mættu allir forstöðumenn stofnana auk starfsmanna skrifstofu. Ekki lá fyrir formleg dagskrá en fundurinn notaður til að móta stefnuna og leggja línur komandi funda auk mánaðaskýrslu sem allir munu skila og lögð verður fyrir sveitarstjórn til kynningar.
- 3. Maí – fundur sveitarstjórnar og ungmennaráðs Strandabyggðar. Gott samtal fór fram á milli fulltrúa ráðsins og sveitarstjórnarmanna. Áhugi er á því meðal fulltrúa ráðsins að kynna sér frekar starfssemi ungmennaráða, t.d. á Seltjarnarnesi og einnig að breyta reglum og samþykktum ráðsins og tók sveitarstjórn vel í það.
- 4. Maí – Fjórðungsþing á Ísafirði. Sveitarstjóri og sveitarstjórn sóttu fjórðungsþing á Ísafirði sem nú var með öðru sniði en undanfarin ár þar sem nú er einn þingdagur að vori og annar að hausti. Tilgangur með þessari breytingu er m.a. að gera störf þingsins markvissari og skilvirkari.
- 10. Maí – Þorgeir Pálsson var með kynningu fyrir forstöðumenn á niðurstöðum úr könnunum, viðtölum og af íbúafundi í tengslum við stefnumótunarvinnu sem hann hefur verið í með sveitarfélaginu.
- 11. Maí – starfsmannasamtal 4
- 11. Maí – Umhverfisþing á Hólmavík, einstaklega vel heppnað og skemmtilegt. Fram komu ýmsir gestir sem fluttu erindi og leikverk og hreyfði þingið vel við viðstöddum. Greinilegt að unga fólkið sem hér vex úr grasi er leiðandi afl í umhverfisvitund í sveitarfélaginu enda bæði leik- og grunnskóli Grænfánaskólar og skilar það sér út til heimilanna og annarra íbúa á ýmsan máta. Sveitarfélagið sjálft er þátttakandi í EarthCheck verkefni með öðrum sveitarfélögum á Vestfjörðum og er stefnt að umhverfisvottun og fer þetta því vel saman. Flott framtak.
- 12. Maí – stjórnarfundur hjá AtVest í hádegi.
- 13. – 23. Maí – sveitarstjóri í fríi
- 24. Maí – vinnufundur sveitarstjórnar með Þorgeiri Pálssyni þar sem hann kynnti stöðu verkefnisins og drög að verkefnalista. Hann mun skila loka skýrslu til sveitarstjórnar í júní.
- 25. Maí – fundur sveitarstjórnar með fulltrúum Hveraorku í framhaldi af erindi sem Hveraorka sendi inn til sveitarstjórnar með ósk um að mega hefja hitaveituframkvæmdir í sveitarfélaginu.
- 26. Maí – starfsmannasamtöl 5 og 6
- 27. Maí – útskrift elstu nememda úr leikskólanum Lækjarbrekku fór fram í Hnyðju og var mikil hátíð og gleði.
- 30. Maí – sveitarstjóri sótti stjórnar- og aðalfund AtVest á Ísafjörð. Sveitarstjóri gaf kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu og fékk brautargengi og mun sitja í stjórn AtVest fram að næsta aðalfundi.
- 31. Maí – forstöðumannafundur. Farið var yfir skil á fyrstu skýrslu forstöðumanna til sveitarsjórnar en sveitarstjórn hafði lýst ánægju sinni með skýrsluna á síðasta sveitarstjórnarfundum og um leið gert tillögu að því að skýrsluskil yrðu viku fyrr þannig að nefndir gætu tekið hana á fundu sína.
- 31. Maí - sveitarstjórnarfundur 1249

Júní – það sem liðið er:

- 1. Júní – Starfsmannasamtal 7 – síðasta samtalið mun fara fram í ágúst.
- 1. Júní – 3. fundur svæðisskipulagsnefndar (sjá slóð: <http://www.samtakamattur.is/#!blank/dhc4j>), fjarfundur.

- 2. Júní – fundur með skólastjóra og tómstundafulltrúa um skóla- og tómstundamál og hvernig þessir tveir flokkar geta unnið saman, t.d. varðandi skólaskjól/frístund, Ozon ofl.
- 3. Júní – skólaslit grunnskólans í Hólmavíkirkirkju. Vönduð og góð athöfn þar sem skóla var slitið að vori, elstu bekkingar kvöddu skólann sinn og halda áfram út á nýjar brautir. Nemendur bera þess vott að skólastarfið er gott.
- 6. – 10. Júní – sveitarstjóri í fríi
- 15. Júní – fundar ADH nefndar í Sævangi og fundur með bændum í Tungusveit í kjölfarið í tengslum við nýja Kirkjubólstrétt.

Júní - framundan:

- 21. Júní – sveitarstjórnarfundur
 - 22. Júní – fundur með HSS vegna styrktarsamnings
 - 23. Júní – forstöðumannafundur
 - Undirbúningur Hamingjudaga
-

Frá Áhaldahúsi – Sigurður M. Þorvaldsson

Maí hefur verið góður veðurfarslega, strandveiðibátar hafa verið á sjó en veiði hefði mátt vera betri. Þorleifur EA frá Grímsey var hjá okkur í byrjun maí á netum og landaði hann 53 tonnum. Línu- og strandveiðiflotinn lönduðu rúmum 100 tonnum í maí. Eins kom hér eitt skip með 350 tonn af salti og annað með um 100 tonn af áburði.

Unnið hefur verið aðeins í þakkassa félagsheimilisins ásamt því að gera klárt í andyrri aðstöðu fyrir tjaldsvæðið þ.e. eldunar-, þvotta- og borðaðstöðu. Tjaldsvæðin voru opnuð og virðist vera meira af ferðamönnum í maí enda mun betra veður en við fengum í fyrra.

Seinni partinn í maí kom flokkur frá fyrirtækinu Véltaekni frá Reykjavík og gerði kantstein á Borgabraut og Hafnarbraut og í framhaldi af því mun fyrirtækið Allraverk koma og leggja hellur bæði á Borgabraut og hluta af Hafnarbraut.

Unglingavinnan er hafin og hafa Steinar Þór Baldursson og Ragnheiður Hanna Gunnarsdóttir séð um börnin.

Götusópari kom í byrjun júní og hreinsaði göturnar og Karl Víðir Jónsson er byrjaður að slá á fullu enda sprettu tíð mjög góð. Strandabyggð hefur ráðist í að eyða lúpínu og hægt er að hafa samband við Ástu Þórisdóttur sem hefur umsjón með verkinu og hún mun úthluta afmörkuðu svæði sem viðkomandi sér síðan um, hægt er að fá verkfæri lánuð ef óskað er. Og að sjálfsgöðu þökkum við Helgu Gunnarsdóttur fyrir hennar aðkomu að þessu verkefni okkar.

Framundan er að hefjast undirbúningur hamingjudaga og verður hann fyrirferðamikill í júní, áfram verður slegið fyrir eldri borgara en bendum öðrum á að hafa samband við Karl Víði Jónsson sem annast slátt á opnum svæðum Strandabyggðar.

Vona að allir njóti sumarsins.

Frá Félagsmálastjóra – María Játvarðardóttir

Í maí mánuði hefur verið unnið í barnaverndarmálum, farið á teymisfundi í Grunn og leikskólanum og nemendaverndarráðsfundi. Tekin stuðningsviðtöl við börn í Grunnskólanum.

Nokkur tími hefur farið í mál í Reykhólahreppi í þessum mánuði.

9. maí var ég á fundi Byggðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks og 11. sótti ég Umhverfisþing á Hólmavík.

12. og 13. maí var ég á Vorráðstefnu Greiningarstöðvar ríkisins og 19. og 20. var ég á fundi félagsmálastjóra sem haldinn var á Hellu.

Seinusta vika mánaðarins fer mikið í starfsmannamál, safna saman og fara yfir vinnuskýrslur.

Þann 12. júní stendur til að fara í starfsmannaferð að Reykhólum og hefur farið nokkur tími í að undirbúa hana og skipuleggja. Þann 26. maí kl. 20:00 fór ég á skólaslit í Reykhólaskóla.

Þann 31. maí heimsótti ég tvær gamlar konur í sveitinni, aðra þeirra hef ég ekki heimsótt áður.

Frá Íþróttamiðstöð – Hrafnhildur Skúladóttir

Verkefni í maí og júní

- Viðgerð hefur ekki ennþá farið í gang á þaki hússins, iðnaðarmaðurinn sem fenginn hefur verið í verkið hefur ekki séð sér fært að koma ennþá vegna anna. Hann lofar þó að það muni gerast í júní.
- Opnun tjaldstæðis:
 - Tjaldstæðið var opnað í byrjun júní og hefur verið vel notað það sem af er. Í maí voru 151 gistinótt nýtt hjá okkur.
 - Við opnuðum einnig anddyrið í félagsheimilinu fyrir tjaldvæðagesti, settum upp aðstöðu til borðhalds og græjuðum útbúnað til eldunar. Flest var til, eitt helluborð var allt sem við bættum við það sem fyrir var sem og skiptiborð inn á salernin.
 - Athuga grillmál – átti ekki að hlaða grill?
 - Leiktækin þörfuðust yfirhalningar og ég er búin að þakka grasið úr sandkassanum og ofan af bekkjunum í kringum hann. Mér finnst að þurfi að skipta um þá því rekaviðurinn sem notaður var kom mjög fúinn undan þessari hreinsun. Önnur rólan var ónýtt og ég sagaði nýja, pússaði og lakkaði og set upp þegar hún er þurr.
 - Bæta þarf við rafmagnstenglum fyrir húsbíla og aftanívagna. Í fyrrasumar sló nokkrum sinnum út öllu rafmagni í húsi og á tjaldstæði vegna álags á kerfið.
- Vaktaniðurröðun fyrir sumarið tókst að lokum en var flókið mál vegna manneklu í upphafi. Tekist hefur núna að manna þokkalega vel.
- Laugarbjörgunarnámskeiðið og sundprófið var í lok maí, sumarstarfsfólk tók þetta allt og stóð sig með þryði. Starfsmenn hafa fengið skirteini sem verða að vera til sýnis fyrir fulltrúa heilbrigðiseftirlitsins sem sér um úttekt á réttindum starfsmanna sundstaða. Ef ekki er hægt að sýna fram á þessi réttindi má loka sundstaðnum. Inga Emils sá um kennsluna og er got að hafa kennara í heimabyggð en þurfa ekki að kaupa aðkomufólk til námskeiðahalds, sem er mun dýrara.
- Nýr varmaskiptir er kominn upp við laugina. Hann vegur tæpt hálf tonn og var frekar erfið framkvæmd að koma honum niður í kjalla en tókst. Hann var tengdur í gær og er kominn í gagnið. Hinn sem keyptur var í fyrra og virkaði ekki í ár fékk ég endurgreiddan í formi afsláttar af þessum. Ég var mjög óhress með þá endingu. Þessi varmaskiptir er allt annars eðlis, hann er hægt að taka allan í sundur og kaupa í hann varahluti ef hann fer að leka eða bila.
- Aðrar bilanir hafa aðeins verið að hrjá okkur og núna er ein dæla við annan heita pottinn biluð. Þetta er orðinn gamall búnaður hjá okkur og margt þarf að sérpanta og sérsníða. Það eru til dæmis 10 ár síðan hætt var að framleiða sandsíurnar sem hreinsa vatnið úr laugunum í hringrásarkerfinu og einn stút sem okkur vantaði, sem var farinn að leka á einni síunni, tók 6 vikur fyrir þjónustuaðila að finna. Sem dæmi. Mér finnst

margt bila of mikið en kannski hefur að segja hvað kerfið hefur verið miklu meira notað í vetur en verið hefur.

- Enn sem fyrr háir skortur á vinnuástöðu mér og þessi skýrsluskrif eru við afgreiðsluborðið á milli þess sem ég sinni verstjórn starfsmanna og afgreiði sund- og tjaldstæðisgesti.

Sem er ótrúlega ljúandi vinnuumhverfi þegar maður þarf eitthvað að hugsa.

- Sumarið leggst vel í okkur hérna og vinnuandinn er góður og munum við leggja okkur fram um að halda gleðinni, jákvæðninni og hamingjunni í húsinu 😊
-

Frá leikskólastjóra – Ingibjörg Alma Benjamínsdóttir

Í maímánuði vantaði einn starfsmann við leikskólann. Leikskólastjóri vann á eldri deild allan maímánuð til að koma til móts við þá þörf sem þar var. Afleiðing þess er sú að verkefni leikskólastjóra voru unnin um helgar og á kvöldin. Forgangsröðun varð að vera mikil á því hvaða verkefnum væri hægt að sinna og því hefur júní mánuður svolítið einkenst af því að taka upp þráðinn þar sem frá var horfið og reyna að komast í gegnum uppsöfnuð verkefni.

Ráðinn var inn einn sumarafleysingamaður sem starfar á eldri deild frá júníbyrjun og út ágústmánuð. Það er því útlit fyrir að starfsmannamálin séu leyst í sumar.

Hlíf hættir í leikskólanum í byrjun ágúst og fer að vinna í grunnskólanum.

Elísa kemur til starfa í 50% stöðu 1. September eftir fæðingarorlof.

Alma fer í fæðingarorlof í október.

Auglýst hefur verið eftir leikskólastjóra á meðan fæðingarorlof varir og sér Andrea um þá ráðningu. Fyrirséð að auglýsa þurfi eftir deildarstjóra og almennu starfsfólki fyrir næsta vetur. Þegar þetta er skrifað er ekki búið að ganga frá hver þörfin verður, en verið er að vinna í því og verður auglýst á næstunni.

Í maí var álag vegna veikindafjarveru og var kallað til afleysingafólk utan úr bæ fimm sinnum en hefði þurft mun oft.

Mörg skemmtileg verkefni voru unnin í leikskólanum í maí og er alltaf nóg að gera á vorin við að klára vetrarstarfið. Árleg listasýning leikskólans var sett upp í íþróttamiðstöðinni, elsti árgangur leikskólans var útskrifaður í Hnyðju auk þess sem þau fóru í skólaferðalag á Drangnes svo eitthvað sé nefnt.

Námskeiðaröðin hjá Starfsleikni er hafin og var fyrsti vinnudagur 23. Maí. Þann 24. Júní kemur Steinunn aftur og verður bæði með viðtöl og fræðslu. Báða þessa daga er leikskólanum lokað hálfan dag.

Verkefni framundan, aukaleg við þessi daglegu, eru grillhátíð sem haldin verður á morgun 16. Júní, þrif á innanstokksmunum og frágangur á leikskóla fyrir sumarlokun. Auk þess sem haldið er áfram að klára úrvinnslu vetrarstarfsins.

Frá Tómsfundafulltrúa – Íris Ósk Ingadóttir

Starfið í maí mánuði einkenndist af skólaslitum og byrjað að huga að undirbúningi fyrir starfið næsta vetur fyrir sumarfrí.

Félagsmiðstöðin Ozon

Börnin í 5.-7. bekk fóru á ball með börnum frá Búðardal og Reykhólum sem heppnaðist mjög vel. Næsta vetur verður lögð mikil áheyrsla á að efla samstarf við Búðardal og Reykhóla í félagsmiðstöðvarstarfinu.

Eitt félagsmiðstöðvarkvöld í maí var tileinkað því að bjóða nýja þátttakendur í félagsmiðstöðvarstarfinu velkomna. Nemendur í 4. bekk tóku þátt í starfi 5.-7. bekk og 7. bekkur tók þátt í starfi 8.-10. Bekk.

Galakvöld Ozon er haldið árlega fyrir 8.-10. Bekk og er yfirleitt seinasti viðburður skólaársins í Ozon. Galakvöld Ozon er skipulagt af Ozonráði og er þetta kvöld mjög líkt árshátíðum. Það er borðað saman, það eru létt skemmtiatriði í boði og svo er dansað. Þetta kvöld lukkast alltaf mjög vel og má því þakka mikinn stuðning frá foreldrum sem sjá um að elda matinn, þjóna yfir matnum og ganga frá. Smá breyting var gerð í ár þar sem kennurum var boðið að taka þátt í kvöldinu með unglingunum og myndaði það einstaka og skemmtilega stemningu þar sem allir skemmtu sér saman sem jafningjar. Vona ég að kennurum verði aftur boðið að ári og það verði hluti af Galakvöldi Ozon.

Skólaskjól

Rólegt var í Skólaskjólí í maí og var seinasti dagur 12. maí sem var nýttur í dans og ísát. Skólaskjól var lokað svona snemma þar sem ekki var starfsfólk til að halda úti starfi út maí. Vonandi á næsta ári verður hægt að hafa opið lengur og hafa þá skemmtilega úti sumar dagskrá í maí. Ég sé fyrir mér að Skólaskjól eigi að létta undir foreldrum og grípa inn í þegar það er frí í grunnskólanum eða styttri dagar. Til að framkvæma það þarf hinsvegar að vera starfsfólk sem er tilbúið að taka þá vinnu að sér. Ég fann það líka í vetur og ræddi við börnin að þau voru ekki spennt fyrir því að mæta í Skólaskjól þá daga sem var frí í skólanum þar sem þau tengdu Skólaskjól við skólastarfið því starfsemin deildi húsnæði með skólanum. Með von um að fá hentugara húsnæði næsta vetur og ráða öflugt starfsfólk er ég mjög spennt fyrir því að þróa starf Skólaskjól áfram næsta vetur.

Ungmennaráð

Ungmennaráð fór í heimsókn á Seltjarnarnes í maí og kynnti sér starf ungmennaráðsins þar. Það var tekið mjög vel á móti okkur og farið vel yfir skipulag og þróun á starfinu hjá þeim. Ungmennaráð hefur byrjað á því að rita nýtt erindisbréf fyrir ráðið og mun leggja það fyrir sveitastjórn á fundi þeirra í júní.

Frá skrifstofustjóra – Salbjörg Engilbertsdóttir

Mánuðurinn byrjaði á að ég mætti á Sauðárkrók til að klára ársreikninginn, það gekk fljótt og vel og ég var lögð af stað heim milli 6 og 7.

Ég kláraði að fylla út leiðréttingaskýrslu f. vsk og senda til KPMG ásamt nokkrum öðrum skýrslum sem upp á vantaði.

Ég sendi út skýrslur úr verkþókhaldi og launum til forstöðumanna í byrjun mánaðarins og sendi ársfjórðungsskil til Hagstofunnar.

Ég skráði inn áætlunina í SFS, byrjaði að morgni þess 10. og kláraði með hléum þann 24.maí.

10. maí var haldinn fundur forstöðumanna og skrifstofu með Þorgeiri Pálssyni og þann 11. Var haldið Umhverfisþing en við vorum boðuð þar sérstaklega á kynningu á umhverfisvænum Vestfjörðum.

Ég sendi út ítrekanir á ógreiddum reikningum og sendi út ítrekanir á ógreiddum fasteignagjöldum v. 2015.

Ég gekk í SSSFS, sem eru samtök stjórnenda á stjórnýslu og fjármálasviðum sveitarfélaga eftir boð frá Þórdísi hjá Ísafjarðarbæ og er komin með boð á vofund þann 20.-22. Maí n.k. á Akureyri, þar á að vera eitthvað djamm og fundur á laugardeginum. Ákvað að mæta ekki að þessu sinni en þessi samtök eru örugglega gagnleg.

Um miðjan mánuð voru staðgreiðsluskil og skil á launatengdum gjöldum eins og venjulega og eitthvað var um afstemmingar og leiðréttingar á þeim.

Ég bókaði apríl og byrjaði á maí og fór í launavinnslu í lok mánaðar. Leysti eitthvað af í afgreiðslu og tók eitthvað af fríi út á yfirvinnu.

Varðandi félagsheimilið þá tók ég til og straujaði dúka sem voru leiðinlega krumpaðir eftir þvott enda þurfi að nota þá v. erfidrykkunnar þann 7. Maí, einnig kom ég skikki á búsaðhöld og henti því sem var ónýtt og gagnslaust og tæmdi borð og þ.h. svo nægt pláss væri. Tjaldstæði opnaði aðstöðu í anddyri félagsheimilisins í lok maí og þurfti að gera nokkar tilfæringar vegna þess til að allt gengi vel upp.

Framundan í júní er setja saman kennslufni fyrir vinnuskóla en ég ætla að fræða þau um laun, launaseðla og vinnuskyldu. Halda áfram að færa viðskipti í Sparisjóðinn og skila virðisaukaskatti og vinna allt upp fyrir komandi sumarleyfi. Ég reikna með að taka 2-3 leyfisdagana í júní en ég er skráð í sumarleyfi frá miðjum júlí og fram í lok ágúst.

Það sem vel gekk var að klára ýmis skil sem dregist höfðu um tíma en það sem illa gekk var held ég ekkert.